



Borgarráð
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík 22. maí 2019

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hvað það muni kosta að grunnskólanemar í Reykjavík fái frítt í Strætó R19050010, dagsett 2. maí 2019

Heildarfargjaldatekjur Strætó 2018 voru um 1.952 m.kr. Nánari upplýsingar um samsetningu gjaldskrár Strætó er að finna á heimasíðu Strætó <https://www.straeto.is/is/verslun/gjaldskra>

Eins og fram kemur í gjaldskrá Strætó er sérstakt verð fyrir börn á aldrinum 6-11 ára og annað verð fyrir ungmenni 12-17 ára. Einnig er sérstakt verð fyrir nema, aldraða og öryrkja. Eitt afsláttarfargjald í gangi fyrir alla yngri en 18 ára, aldraða og öryrkja í appi og ef staðgreitt er í vagninum.

Heildarfargjaldatekjur af afsláttarfargjöldum til barna og ungmenna á árinu 2018 er áætlaður um **360 m.kr.** og áætla má að hlutur Reykjavíkur af þessum hópi sé amk. 57% (hlutfall íbúa Reykjavíkur á höfuðborgarsvæðinu), eða amk. 200 m.kr.

Miðað við núverandi greiðslufyrirkomulag væri ómögulegt fyrir vagnstjóra að ætla að gera greinarmun á því hvort barna og/eða ungmenni ætti rétt á því að ferðast frítt eða ekki, þ.e. ef einungis börn og ungmenni sem eru búsett í Reykjavík ættu að fá frítt í Strætó.

Skv. eigendastefnu Strætó er markmið eigenda að fargjaldatekjur dekki 40% af rekstrarkostnaði. Þetta hlutfall hefur verið á bilinu 30 til 33% síðustu ár.

Fyrir hönd Strætó bs.

Jóhannes Svavar Rúnarsson

Framkvæmdastjóri

Ástríður Þórðardóttir

Sviðsstjóri fjármála og rekstur Strætó bs.